

Nordisk Byggtræff 2017

Nordisk Byggtræff nefnist ráðstefna þar sem hlutlausir bygginga- og búaækniráðunautar af öllum Norðurlöndunum (*aðallega frá fyrirtækjum í eigu bænda*) koma árlega saman til skrafs og ráðagerða, bera saman bækur sínar og efla samskipti sín á milli. Þau lönd sem eiga aðild að þessum félagsskap eru Ísland, Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Færeyjar og Finnland. Fyrir ári var ráðstefnan haldin á Íslandi og nú var röðin komin að Finnlandi að taka við stafnum af okkur. Ráðstefnan fór fram daganna 6-8. September á vesturströnd Finnlands, nánar tiltekið í sveitunum í kringum Vaasa.

Dagskrá miðvikudagsins hófst á kynningu frá hverju landi. Þróunin virðist vera svipuð á Norðurlöndunum, búum fer fækkandi en þau stækka og sjálfvirkni við gjafir og mjaltir eykst. Því næst heimsóttum við Börje Ivars AB sem er tómataframleiðandi með 42.000 m² undir gleri. Á því búi og öðrum þar í grenndinni eru um 60% af tómataframleiðslu Finna. Nýlega hafði verið fjárfest í spæni- og móbrennara sem leysti af hólmi svartolíubrennara til að halda húsunum heitum og var bóndinn stoltur af hversu umhverfisvæn upphitunin væri. Næst stoppuðum við hjá Eurobull, sem er bú þar sem tveir ungir bændur stunda saman nautaeldi. Báðir keyra þeir nokkra km að búinu, hvor úr sinni áttinni, þannig að sjálfvirkni við gjafir var komið upp. Gefið er heilfóður úr mismunandi gróffóðri, kartöflum og kjarnfóðri og til þess notaður tveggja snigla blandari og gjafabönd frá Pellon. Þessir bændur kaupa alla sína kálfa, en alls voru um 800 naut í húsinu, þau yngstu 5 mánaða en þau elstu komin í sláturstærð, 17-19 mánaða. Steinbitar eru í öllum gölfum, en 2/3 hlutar þeirra gúmmíklæddir. Þetta er aðeins fyrri hluti byggingarinnar því reisa á aðra, sem verður spegilmynd þessarar, hinum megin við fóðurrýmið. Þessi framkvæmd kostaði um 200-250 milljónir og þar af kostaði fóðurstöðin 25 milljónir (ísl. kr.). Eftir þessa heimsókn skoðuðum við fjós með 2 mjaltapjónum, hvorum sínu megin við fóðurgang sem gefið var í með Lely Vector. Fóðurgeymslan þar sem krabbinn velur fóðrið er létt bygging í talsverðri fjarlægð þar sem fóðrinu var komið fyrir í stæðum. Aftan við báða mjaltapjónana var velferðarsvæðið. Borið var undir kýrnar með sjálfkeyrandi vagni á braut í loftinu og var mór notaður undir þær. Að lokum var endað í smáþorpinu Koskenkorva þar sem borinn var fram dýrindismatur, mismikið marineraður í vodka. Fengum við kynningu á starfseminni og sögu vodka í Finnlandi, ásamt leiðsögn um hin heimspekku gufuböð í þorpinu.

Á fimmtudeginum voru fróðlegir fyrirlestrar, meðal annars um sand í básum, byggingar fyrir gripi sem liggja við opið og einnig var töluvert rætt um nauðsyn hlutlausrar ráðgjafar. Systursamtök RML í Noregi, NLR halda mjög vel utan um bóndann frá hugmynd að fjósi og voru nefnd dæmi um sparnað upp á tugi milljóna (ísl. kr.) við framkvæmdir með útboðum og vönduðum vinnubrögðum í allri skipulagningu. Þennan dag voru skoðuð tvö fjós, í því fyrri voru fjórir mjaltapjónar, velferðardeildir og burðarsvæði. Kanalferfi var undir fjósinu með rafmagnsdælu sem dælir nokkrum sinnum á dag, bændurnir voru mjög ánægðir með það og settu það einnig í gamalt fjós sem hýsir gripi í uppeldi. Þar var gefið heilfóður og kom verktaki á hverjum degi og gaf með dráttarvélarknúnum heilfóðurblandara. Bóndinn sem rak búnið þar sem hitt fjósið var, hafði áður verið verktaki við gjafir. Hann hafði langað að fara út í kúabúskap og útvegað sér landskika og byggt sér fjós. Niðurstaðan varð fjós fyrir 600 mjólkaði kýr sem mjólkaðar eru með hringekjumjaltapjóni, meðalnyt er um 11.000 lítrar og er mjólkað á vöktum, alls 19 tíma á dag. Sjö starfsmenn eru á búinu og vildi bóndinn meina að hann þyrfti að hafa tvöfalt fleiri starfsmenn ef ekki væri fyrir hringekjumjaltapjóninn. Þær kýr sem gengu illa í hringekjuna höfðu sinn eigin mjaltapjón í 60 kúa rými í byggingunni. Annars var kúnum skipt í fimm hópa þar sem þrír hópanna eru mjólkaðir þrisvar á dag. Fjöldi mjalta var í kringum 1400-1500. Sérstakt útivistarsvæði var fyrir kýrnar sem var drenað og fullt af grófum spæni, bóndinn var mjög ánægður með það fyrirkomulag og sagðist ekki vilja missa þessa aðstöðu þrátt fyrir að það kostaði nokkuð að halda svæðinu við. Annað sem vakti áhuga var að kálfarnir höfðu enga fóstru,

nýbornar kýr og/eða kýr í hárrí nyt voru hafðar hjá kálfunum og getur hver kýr annað þrem kálfum. Kýrnar voru 2-4 daga í kálfastíunni og þá var skipt um og aðrar teknar úr hjörðinni. Þetta taldi bóndinn lykil að því að kálfarnir yxu vel frá fyrsta degi. Til gróffóðuröflunar voru 400 hektarar, slegnir þrisvar. Enduðum við svo góðan dag í whiskey- og ginsmökkun.

Á föstudeginum var farið í heimsókn í Pellon-verksmiðjurnar sem selja gjafabúnað, innréttingar og loftræstibúnað í Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku, Þýskalandi og einnig í Austur-Evrópu. Í verksmiðjunum var til sýnis SAC-mjaltþjónn en Pellon og SAC starfa saman í Finnlandi. Sköpuðust nokkrar umræður um framtíð Byggtræff en síðan var Byggtræff-stafurinn afhentur sænsku fulltrúunum sem munu taka á móti öðrum norrænum nútækniráðunautum haustið 2019.

Svona ráðstefnur eru nauðsynlegar til þess að viðhalda þekkingu innanlands og eins til að styrkja samvinnu á milli ráðgjafarfirmanna í eigu bænda á Norðurlöndunum.

